Flóaskóli

Hverjir eru helstu veikleikar Flóaskóla?

- Netsamband ekki alltaf í lagi.
- Tölvumálin – þarf betri umgengni og betra skipulag.
- Sameiginlegur prentari virkar ekki alltaf.
- Vegna útikennslu þarf meira "skjól", betra rými t.d. á stéttum.
- Skipulag tónlistarkennslu (lan) er ekki fullnægjandi.

Hver eru helstu tækifæri Flóaskóla?

- Auðvelt að gera góða útiaðstöðu til kennslu (nægt rými). Þetta verður að hafa í huga við stækkun skólans.
- Ættum að nýta nágrennið betur til grenndarkennslu, t.d. heimsóknir á bæji, í Einbúa, hafa "rugldaga", leyfa eldri nemendum að gista í Þjórsárveri o.s.frv.
- Skólinn gæti keypti öll ritföng og námsgögn nemenda og rukkað inn ákveðið gjald frá foreldrum. Einfaldar málið fyrir heimilin, dregur úr samkeppni milli nemenda og er lítð mál fyrst skólinn er svo fámennur.

Hverjar eru helstu "ógnanir" Flóaskóla? (það sem helst gæti hamlað góðu starfi í skólanum).

- Skortur á viðeigandi húsnæði.
- Aðstaða fyrir fatlaða er léleg.
- Vinnuaðstöðu kennara er ábótavant.
- Verkgreinakennsla þarf meira rými og betri aðstöðu.
- Okkur vantar sundlaug.
- Aðstöðu þarf til tónlistarkennslu og geymslu hljóðfæra.
- Fámenni getur "ógnað" okkur.
- Skólinn er dýr í rekstri.
- Óloft er í kennslrými í kjallara (smíði/textíl).

Ætlunin er að fara yfir þessi atriði á starfsdegi í haust, og skoða niðurstöður með það í huga að styrkja það sem vel er gert og vinna að úrbótum þar sem þess er þörf.

(mat starfsfólks tekið saman þann 16. júní 2008).

Flóaskóli

Áætlaður nemendafjöldi í Flóaskóla næstu 6 skólaár:

Undirrituð hefur tekið saman áætlaðan nemendafjölda skólans næstu 6 skólaárin miðað við tölur frá Hagstofu Íslands um skráðan íbúafjölda tiltekin fæðingarár í Flóahreppi.

9 börn með lögheimili í sveitarfélaginu eru fædd árið 2002 og munu hefja nám í 1. bekk í haust (haustið 2008). Auk þess hefur verið sótt eftir skólavist fyrir 1 nemanda frá Árborg í þeim árgangi.

Næstu fæðingarár þar á eftir er skráður fjöldi barna eftirfarandi:

Árið 2003	8 börn	hefja grunnskólanám haustið 2009
Árið 2004	8 börn	hefja grunnskólanám haustið 2010
Árið 2005	10 börn	hefja grunnskólanám haustið 2011
Árið 2006	9 börn	hefja grunnskólanám haustið 2012
Árið 2007	5	hefja grunnskólanám haustið 2013
Árið 2008	?	hefja grunnskólanám haustið 2014

Miðað við þessar tölur, og um 4% fólkfjölgun árlega, gæti fjöldi nemenda í Flóaskóla skólárið 2013-2014 verið u.þ.b. 61 nemendur, að því gefnu að árgangar skólans verði áfram sjö. Hefjist starfsemi unglingadeildar við skólann munu þessar tölur að sjálfsögðu breytast. Þess má geta að á fyrsta starfsári Flóaskóla, skólaárinu 2004-2005, voru 56 nemendur í skólanum. Miðað við þessa spá verður ekki fækkun í skólanum næstu 6 árin. Frekar má áætla, miðað við þróun síðustu þriggja ára, að fjölgun verði áframhaldandi í sveitarfélaginu.
Að sjálfsögðu breytast svona tölur mjög hratt eftir samsetningu íbúafjölda hverju sinni en þó getur verið áhugavert að skoða þetta með tilliti til skipulags skólastarfsins.

Ég tel mikilvægt að byggja Flóaskóla upp sem sterka einingu sem eftirsóknarvert er að halda gangandi um ókomna framtíð. Skólastjóri, fræðslunefnd og sveitarstjórn hafa mikinn metnað fyrir hönd skólans og samfélagið hefur sýnt skólastarfinu mikinn áhuga. Jákvætt hugarfar virðist vera til skólans í samfélaginu.
Skólinn er vel staðsettur og eftir góð byrjunarár hefur tekist að laða að honum faglegt og metnaðarfullt starfsfólk. Góður skóli mun verða mikið aðdráttarafl fyrir þá sem íhuga búsetu í Flóahreppi til framtíðar litið.

20. júní 2008

Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri Flóaskóla.